

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 65/1989. **Ákærvaldið**
 gegn
Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst Hæstarétti 6. þ.m.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðila, en ætla verður að úrskurðurinn hafi verið kærður í því skyni að hann verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1989.

Ár 1989, föstudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Garðari Garðarssyni, kt. 10.01.65-4499, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars nk. kl. 17.00, en hann er grunaður um innbrot og nytjastuldi á bifreiðum. Kærði mótmælir kröfu RLR.

Undanfarið hefur RLR ásamt lögreglu á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á Akranesi og Borgarfjarðarsýslu unnið að rannsókn á innbrotum í verslanir og fyrirtæki þar sem stolið hefur verið umtalsverðum verðmætum. Þá hefur jafnframt verið unnið að rannsókn á nytjastuldi bifreiða af bílasölum og bílaleigufyrirtækjum í Reykjavík, en grunur leikur á því, að tengsl séu milli þessara mála. Hefur meðal annars fallið grunur á kærða og hefur hann viðurkennt að hafa tekið í heimildarleysi Range Rover-bifreiðina R 33136

þar sem hún stóð við bílasöluna Bílabankann við Hamarshöfða 1, 27. febrúar sl. Þá hefur kærði borið að hann hafi lýst yfir áhuga sínum á að skoða bifreiðina R 24099, en hann hefur neitað að hafa stolið þeirri bifreið. Sú bifreið fannst í gær á þeim stað, er kærði benti lögreglu á, að hann hefði skilið Range Rover-bifreiðina eftir, en sú bifreið hefur ekki enn fundist.

Kærði hefur neitað aðild sinni að ofangreindum innbrotum og frekari nytjastuldi ökutækja en hann hefur þegar greint frá.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði er undir rökstuddum grun um aðild að málum þessum þykir rétt með hliðsjón af framan-sögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars 1989 kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. mars 1989 kl. 17.00.
